

# Sýnataka vegna blóðþorra í eldislaxi

## 1. Fjöldi sýna

- Einungis skal taka sýni ef fyrir liggja nýlega dauðir fiskar, deyjandi fiskar („lónarar“) eða fiskar sem sýna óeðlilega hegðun ásamt klínískum ytri og innri einkennum sem eru dæmigerð fyrir blóðþorra (s.s. áberandi fól tálkn og hjartavöðvi, útstæð augu, blæðingar í roði, bjúgmyndun í hreistursslíðrum, vökvamyndun í kviðarholi, dökk lifur, stækkað milta og punktblæðingar í fituvef sem klæðir skúflanga og í slímu meltingarfæra).
- Sýni skulu tekin úr a.m.k. 10 fiskum. Ef sjúkdómseinkenni eru væg skal auka fjölda sýna.
- Sýni skulu fyrst og fremst tekin úr fiski sem sýnir greinileg klínísk sjúkdómseinkenni eða úr fiski sem er með stórsæjar breytingar sem minnt gæti á blóðþorra.

## 2. Eyðublöð

- Eyðublöð/ fylgiblöð sem fylla skal út og fylgja eiga sýnum að Tilraunastöð HÍ að Keldum, er að finna EBL-029.
- Skráning eyðublaða skal vera skýr og skilmerkileg.

## 3. Sýnatakan

- Ef um er að ræða smáseiði (< 50 gr.) skal senda fiskinn heilan á ís til Rannsóknadeildar fisksjúkdóma á Keldum til sýnatöku.
- Ef um er að ræða stærri fisk skal í eldisstöð einungis taka blóðsýni og tálknasýni til herðingar í formalíni. Laxinn skal svo senda heilan á ís til Keldna til framhaldssýnatöku.
- Blóðtaka úr a.m.k. 10 fiskum er gerð undir stirtlu eða rétt undir hliðarrák á stirtlu (*vena caudalis*).
- Taka skal 1 - 2 ml blóðs í blóðtökuglas með heparíni og skal glösunum velt nokkrum sinnum og geymd í kælingu uns þau eru send samdægurs til Rannsóknadeildar fisksjúkdóma á Keldum.
- Úr sömu fiskum skal taka u.þ.b. 10 mm breiða bita af tálknum og setja í formalín-dúablöndu til herðingar.
- Sýnatökuglasið skal innihalda a.m.k. 20 sinnum meiri formalínlausn en hvað rúmmál vefjabitar segir til um.

## 4. Pökkun og sending sýna

- Öll sýni verður að geyma í kulda frá því þau eru tekin, en þau mega ekki frjósa.
- Í flutningskassann (úr einangrunarfrauði) skal setja mulinn ís eða kælikubba ásamt sýnunum (kubbar verða að vera heilfrosnir og alþekja botn flutningskassans).
- Gætið þess vel að sýni og útfyllt eyðublöð séu í sérstökum plastpoka svo þau blotni ekki þegar ís tekur að bráðna.
- Sýni verða helst að berast til Rannsóknadeildar fisksjúkdóma sama sólarhring, og alls ekki seinna en 40 klst. frá því þau eru tekin úr fiskunum.
- Hafa skal samband við Keldur áður en sýnin eru send. Símanúmerið er 585 5100 og tengiliður er Sigurður Helgason.
- Merkið sendinguna með eftirfarandi áletrun og fyllið út fylgiseðil með nauðsynlegustu upplýsingum og límið hann utan á kassann:

**Tilraunastöð HÍ í meinafræði að Keldum,  
v/ Vesturlandsveg, 112 Reykjavík, s. 5855100  
b.t. Árna Kristmundssonar (866 4404).  
Nafn sendanda**